

Ár 2010 miðvikudaginn 3. mars er dómþing í dómstóli ÍSÍ sett og háð af Guðmundi Jónssyni að Grófarsmára 32, Kópavogi

Fyrir er tekið:

Mál nr. 1/2010

Blakdeild Fylkis

gegn

Blakdeild Stjórnunnar

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

## **DÓMUR**

### **I**

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu ÍSÍ 12. febrúar sl. kærandi er Blakdeild Fylkis kt611094-2649, Fylkisvegi 6, 110 Reykjavík. Kærði er blakdeild Stjórnunnar kt.611093-2259, Ásgarði, Stjörnuhúsinu, Garðabæ.

Kærða var með bréfi formanns dómstóls ÍSÍ dags. 19/2 2010 gefinn kostur á að gera grein fyrir sínum sjónarmiðum,

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstóli ÍSÍ hinn 23. febrúar s.l.

Dómkröfur kæranda:

Að leikurinn verði tapaður fyrir Stjörnuna samkvæmt lögum BLÍ.

### **II**

Í kæru rökstyður talsmaður kæranda kröfur umbjóðanda síns með eftirfarandi hætti:

Leikmaður 1. deildar blakdeildar Stjórnunnar Geomar M Orbon kt.260393-3089 spilaði sem

leikmaður í 2. deild Íslandsmóts BLÍ. Leikmaðurinn er einn af 7 leikjahæstu leikmönnum 1. deildar skv. skráningu BLÍ. Leikurinn var haldinn að Ásgarði laugardaginn 6. febrúar 2010.

Samkvæmt lögum BLÍ eru viðurlög varðandi ólöglega leikmenn tapaður leikur 3-0.

### III

Af hálfu hins kærða félags er gerð eftirfarandi grein fyrir málinu:

Þessi leikmaður okkar er 16 ára og á heima með sínum jafnöldrum í 2. deild kk en þar sem Stjarnan er að byggja upp nýtt lið í 1. deild kk höfum við tekið þá ákvörðun að nota ungu leikmennina okkar þar frekar en að kaupa okkur eldri og reyndari leikmenn. Það mun engin endurnýjun verða á leikmönnum ef þeir fyrirgera rétti sínum til að spila með sínum félögum í 2. deild. Eru ekki reglur til dæmis í Danmörku að leikmenn yngri en 20 ára mega spila með öllum flokkum og fyrirgera ekki sínum rétti.

### IV

Þar sem enginn dómstóll er starfandi hjá Blaksambandi Íslands kemur það í hlut dómstóls ÍSÍ að skera úr um ágreining aðilla.

Ekki þykir í máli þessu ástæða til munnlegs málflutnings.

Niðurstaða:

Hvorugur aðila lagði fram skrifleg sönnunargögn.

Með heimild í grein 27.7 í lögum ÍSÍ leitaði dómarrinn eftir skriflegum upplýsingum frá BLÍ um stöðu leikmanns Stjörnunnar Geomar M Orbon.

Gögn þessi, leikskýrsla, staða leikmanna í 1. deild karla o.fl. sýna að leikmaðurinn var meðal 7 leikjahæstu leikmanna liðs Stjörnunnar í 1. deild á yfirstandandi leiktíð og því ólöglegur með liðinu í leik þess gegn Fylki í 2. deild er fram fór hinn 6/2 sl. sbr. 8. gr. reglugerðar BLÍ um deilda- og úrslitakeppni.

Verður því að taka kröfur kæranda til greina og breyta úrslitum í leik málsaðila á þann veg að kæranda, Fylki, er dæmdur 0-3 sigur í leik liðanna hinn 6/2 sl. í 2. deild karla

## Dómsorð

Úrslitum í leik Stjörnunnar og Fylkis í 2. deild karla í blaki sem fram fór hinn 6/2 sl. er breytt og Fylki dæmdur sigur 0-3 í leiknum.

Guðmundur Jónsson

---

Um áfrýjun:

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls ÍSí er ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar er kveðinn upp.